

*Stór og glaðvær og bráðmyndarlegur hópur kandídata gefur góða von um öfluga heilbrigðisþjónustu á næstu áratugum!*

# Kandídatar ársins 2017

Það er órækt vitni um að það sé alveg að fara að fara að bresta á sumarfrí þegar fundarsalur Læknafélagsins í Hlíðasmára fyllist af ungu prúðbúnu og skælbrosandi fólki sem er boðið velkomið í hóp lækna. Þetta er útskriftarboð og viðeigandi rafmögnuð gleðistund, - öll plögg klár, deildarforseti kemur askvaðandi með bókina með læknaeiðnum, snittuframleiðandinn mætir með nokkur bretti af kræsingum og það er alltaf á nippinu með að blómin gleymist!

Alls voru 70 kandídatar boðnir í hóf til Læknafélagsins á dögunum til að fagna útskrift úr læknadeild. Læknadeild Háskóla Íslands útskrifaði 47 kandídata í júní og tvo í febrúar. Síðustu ár hafa íslenskir krakkar sótt sér læknismenntun víðar, - og í ár komu 13 kandídatar frá Ungverjalandi, 6 frá Danmörku, einn frá Svíþjóð og einn frá Póllandi. Kynjahlutföll voru 38 stelpur og 32 strákar, - sem sagt jafnara en oft áður.

Þorbjörn Jónsson formaður bauð alla velkomna háa og lága, og ítrekaði við unga fólkið að þessi áfangi væri sá merkasti sem þau næðu í lífinu, - ekkert myndi toppa það að ná kandídatsprófi, hvorki barnsfæðingar né brúðkaup.

Kandídatar meðtóku þetta og röðuðu sér síðan stillt og prúð upp fyrir myndatöku og skráðu svo nöfn sín í þá bók sem geymir sjálfan læknaeiðinn, og öll nöfn íslenskra lækna eru rituð.

Engilbert Sigurðsson forseti læknadeildar þakkaði kandídötum góða viðkynningu og bað þau að minnast þess að lífið væri núna, það að njóta dagsins væri mikilvægast af öllu og ekki eftir neinu að bíða með það. Kristján Erlendsson, Páll Matthíasson og Ólafur Ólafsson ávörpuðu líka viðstadda og óskuðu hinum útskrifuðu alls hins besta í hinum krefjandi en gefandi heimi læknisstarfsins.

*Texti og myndir Védís.*

## Læknablaðið óskar nýútskrifuðum kandídötum til hamingju með áfangann!

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Aaron Palomares | *Ungverjaland* | Gunnar Björn Ólafsson | | Páll Óli Ólason | |
| Aðalsteinn Hjörleifsson | | Hallgrímur Óskar Hallgrímsson | *Ungverjaland* | Perla Steinsdóttir | |
| Andrea Bára Stefánsdóttir | | Haukur Kristjánsson | | Pétur Rafnsson | |
| Anna Kristín Gunnarsdóttir | | Helga Rún Garðarsdóttir | | Sara Magnea Arnarsdóttir | |
| Anna Mjöll Matthíasdóttir | | Helga Magnúsdóttir | | Sigríður María Kristinsdóttir | |
| Arna Reynisdóttir | *Ungverjaland* | Helgi Guðmundur Ásmundsson | | Sigrún Birna Hafsteinsdóttir | *Danmörk* |
| Arnar Freyr Óskarsson | | Helgi Kristjánsson | | Sigrún Lína Pétursdóttir | |
| Arnljótur Björn Halldórsson | | Hildur Arnardóttir | *Danmörk* | Sigurður Jón Júlíusson | |
| Aron Hjalti Björnsson | *Ungverjaland* | Hilmar Þór Dagsson | *Ungverjaland* | Stefán Árni H. Guðjohnsen | |
| Atli Þengilsson | | Hrafnhildur Gunnarsdóttir | | Steinar Orri Hafþórsson | |
| Benedikt Halldórsson | *Ungverjaland* | Hrafnkell Óskarsson | | Steinn Thoroddsen Halldórsson | |
| Berglind Bergmann Sverrisdóttir | | Ingibjörg Heiðdal | *Danmörk* | Steinþór Árni Marteinsson | |
| Bryndís María Theodórsdóttir | *Danmörk* | Indriði Einar Reynisson | | Una Emilsdóttir | *Danmörk* |
| Daníel Arnarson | | Jóhanna Rún Rúnarsdóttir | *Pólland* | Unnur Lilja Úlfarsdóttir | |
| Emelie Pitkänen Fungbrant | *Svíþjóð* | Jón Halldór Hjartarson | | Unnur Tara Jónsdóttir | *Ungverjaland* |
| Emil Þór Kristinsson | *Ungverjaland* | Jón Magnús Jóhannesson | | Unnur Ósk Stefánsdóttir | *Ungverjaland* |
| Erna Hinriksdóttir | | Karen Lind Óladóttir | *Ungverjaland* | Viktoría Hróbjartsdóttir | *Ungverjaland* |
| Erna Sif Óskarsdóttir | | Klara Guðmundsdóttir | | Yrsa Yngvadóttir | |
| Eva Hrund Hlynsdóttir | | Linda Björk Kristinsdóttir | | Ýmir Óskarsson | |
| Eyrún Arna Kristinsdóttir | | Margrét Guðný Ásbjarnardóttir | | Þórhildur Helga Guðjónsdóttir | |
| Eva Lind Ingadóttir | *Ungverjaland* | Margrét Hlín Snorradóttir | | | |
| Finnbogi Ómarsson | | Nils Daníelsson | *Danmörk* | *Útskrifuðust í febrúar:* | |
| Guðmundur Dagur Ólafsson | | Oddný Ómarsdóttir | *Ungverjaland* | Hildur Þóra Franklín | |
| Guðrún Katrín Oddsdóttir | | Oddur Björnsson | | Samúel Sigurðsson | |



*Unga fólkið hlýðir á boðskap sér eldri og reyndari.*



*Engilbert minnti á að líf vort hratt fram hleypur, hafandi enga bið einsog Hallgrímur Pétursson kvað forðum.*



*Þorbjörn formaður bauð viðstadda velkomna.*



*Kristján Erlendsson, Páll Matthíasson, Óskar Reykdalsson, Sigurbjörn Sveinsson og Kristófer Þorleifsson fögnuðu nýjum kollegum.*



*Kristján sagðist hlakka til að vinna með þessu góða nýútskrifaða fólki.*

Colrefuz®
colchicine

**Colrefuz 500 míkróg töflur. Virkt innihaldsefni:** Hver tafla inniheldur 500 míkróg af colchicini. **Ábendingar:** ***Fullorðnir:*** Meðferð við bráðri þvagsýrugigt. Fyrirbyggjandi meðferð gegn þvagsýrugigtarköstum í upphafi meðferðar með allópúrínóli og þvagsýrulosandi lyfjum. **Skammtar og lyfjagjöf:** ***Fullorðnir:*** *Meðferð við bráðum þvagsýrugigtarköstum:* Taka á 1 mg (2 töflur) í upphafi, fylgt eftir með 500 míkróg (1 tafla) 1 klst. síðar. Ekki skal taka fleiri töflur næstu 12 klst. Eftir 12 klst. má halda meðferðinni áfram, ef þörf krefur með að hámarki 500 míkróg (1 töflu) á 8 klst. fresti þar til einkenni eru horfin. Meðferðarlotu á að ljúka þegar einkenni eru gengin til baka eða þegar tekin hafa verið samtals 6 mg (12 töflur). Ekki skal taka meira en 6 mg (12 töflur) í meðferðarlotu. Þegar meðferðarlotu er lokið skal ekki hefja aðra lotu fyrr en eftir a.m.k. þrjá sólahringa (72 klst.). *Fyrirbyggjandi meðferð gegn þvagsýrugigtarkasti í upphafi meðferðar með allópúrínóli og þvagsýrulosandi lyfjum:* 500 míkróg tvisvar á dag. Lengd meðferðar skal ákveðin eftir að þættir svo sem tíðni kasta, hve lengi þvagsýrugigt hefur verið til staðar og tilvist og stærð þvagsýrugigtarhnúts (tophi) hafa verið metnir. ***Sjúklingar með skerta nýrnastarfsemi:*** Gæta skal varúðar við notkun hjá sjúklingum með væga skerðingu á nýrnastarfsemi. Hjá sjúklingum með miðlungsmikla skerðingu á nýrnastarfsemi skal minnka skammta eða lengja tíma á milli skammta. Hafa skal nákvæmt eftirlit með aukaverkunum colchicins hjá slíkum sjúklingum. Sjá nánar í Samantekt á eiginleikum Colrefuz varðandi sjúklinga með alvarlega skerðingu á nýrnastarfsemi. ***Sjúklingar með skerta lifrarstarfsemi:*** Gæta skal varúðar við notkun hjá sjúklingum með væga/miðlungsmikla skerðingu á lifrarstarfsemi. Hafa skal nákvæmt eftirlit með aukaverkunum colchicins hjá slíkum sjúklingum. Sjá nánar í Samantekt á eiginleikum Colrefuz varðandi sjúklinga með alvarlega skerðingu á lifrarstarfsemi. ***Aldraðir:*** Gæta skal varúðar við notkun. ***Lyfjagjöf:*** Til inntöku. Töflurnar skal gleypa heilar með glasi af vatni. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna. Sjúklingar með blóðmein. Meðganga. Brjóstagjöf. Konur á barneignaraldri nema notaðar séu öruggar getnaðarvarnir. Sjúklingar með alvarlega skerta nýrnastarfsemi. Sjúklingar með alvarlega skerta lifrarstarfsemi. Ekki skal nota colchicin hjá sjúklingum í blóðskilun vegna þess að ekki er hægt að fjarlægja það með skilun eða blóðskiptum. Ekki má nota colchicin hjá sjúklingum með skerta nýrna- eða lifrarstarfsemi sem taka P glýkópróteinhemil (P gp) eða öflugan CYP3A4 hemil. **Upplýsingar um aukaverkanir, milliverkanir, varnaðarorð og önnur mikilvæg atriði má nálgast í sérlyfjaskrá – www.serlyfjaskra.is. Pakkningar og hámarksverð í smásölu** (september 2016): 500 míkróg, 100 stk. 9.879 kr. **Afgreiðsluflokkur:** R. **Greiðsluþátttaka:** G. **Markaðsleyfishafi:** Actavis Group PTC ehf. **Frekari upplýsingar:** www.actavis.is, s: 550 3300. **Dagsetning síðustu samantektar um eiginleika lyfsins:** 29. júní 2016. *September 2016.*

Actavis / 619021

Actavis